



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2019

FÓHE1GR03

Fóðrun og heilsa I – Grunnnámskeið

Kennarar: Sissel Tveten		ST
--------------------------------	--	-----------

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu undirstöðuatriði varðandi fóðrun og umhirðu hesta. Farið verður yfir helstu grunnþætti í atferli hesta, hvaða öryggisatriði beri að hafa í huga við almennt hestahald og hvaða reglur gilda þar að lútandi. Grunnatriði í almennri umhirðu hrossa s.s. fóðrun, hófhirðu og heilbrigði.

Undanfari: HEST1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta.
- reglur varðandi hestahald og helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi.
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi og í haga.
- grunnatriðum varðandi fóðrun hrossa.
- helstu þætti varðandi mismunandi fóðurþarfar hrossa.
- mismun gróffóðurs og kjarnfóðurs.
- grunnatriðum lútandi vítamín og steinefnaþarfir hrossa.
- helstu atriðum er varða hófhirðu hrossa.
- helstu atriði er varða almennt heilbrigði hrossa.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umgangast hesta og annast þá á hestvænum og öruggum forsendum.
- nálgast, teyma, binda og meðhöndla hesta á réttan hátt.
- nota helsta búnað og aðstöðu sem fylgir greininni.
- aðstoða við fóðrun og hirðingu.
- hreinsa úr hófum fyrir og eftir útreiðar.
- aðstoða við járningar og hófhirðu útigangshrossa.
- meta almennt heilbrigði hrossa.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- umgangast hesta og annast þá á hestvænum og öruggum forsendum.
- tekið við upplýsingum frá yfirmanni og aðstoðað við fóðrun og gegningar.
- hreinsað úr hófum.

Námsefni:

Hestafræði Ingimars, knapamerkjabækur og greinar frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar í Innu

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2	7.- 11. janúar	Hesturinn ,atferli og umhverfi	
3	14.- 18. janúar	Hesturinn ,atferli og umhverfi	
4	21.- 25. janúar		
5	28. jan - 1. feb	Dagleg umhirða og umhverfi í samhengi	
6	4. - 8. febrúar	Dagleg umhirða og umhverfi í samhengi	
7	11. - 15. febrúar	Lög og reglugerðir	Þóra í MAST
8	18. - 22. febrúar	Lög og reglugerðir	Þóra í MAST
9	25.febr. - 1.mars	Öryggi og aðbúnaður	
10	4. - 8. mars	Heilbrigði hesta	Sveinn dýralæknir
11	11. - 15. mars	Holdastigun æfingar	
12	18. - 22. mars	Holdastigun æfingar	
13	25. -29.mars		
14	1.- 5. apríl	Fóðrun	
15	8.-12. apríl	Fóðrun	
16	15. - 19. apríl	Þáskafri	
17	22. - 26. apríl	Frí á þriðjudegi	
18	29.apr.- 3. maí	29. og 30. Apr. Járningar og hófhirða kl.17.00-19.30	ATH. Utan töflu með Sigga Torfa
19	6. – 10. maí	Upprifjun, Vettvangsferð	

Sérreglur áfangans:

Námsmat fer fram í formi mats á frammistöðu og virkni í kennslustundum auk þess sem nokkur verkefni verða lögð fyrir. Annarsvegar er um að ræða verkefni unnin í kennslustund en hinsvegar heimaverkefni. Ef nemandi skilar verkefni ekki á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir hvern dag sem seinkun nemur. Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

Áfanginn er símatsáfangi. Til að standast áfangann þarf að ná að lágmarki 5 í einkunn.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni og próf	Verkefni úr efni námskeiðs.	50%
Virkni í kennslustundum	Virkni í umræðu og þátttaka í verkefnum	25%
Ástundun	Stundvísi og mætingar	25%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.